

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár, ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.

2. gr.

Í stað orðanna „Í störfum sínum skal Lánasýsla ríkisins stefna“ í 2. gr. laganna kemur: Lánasýsla ríkisins skal stefna.

3. gr.

3., 4., 8. og 10. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Lánasýsla ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.
- b. Orðin „samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra“ í 1. mgr. falla brott.
- c. Í stað orðanna „Lánasýslu ríkisins“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

5. gr.

Í stað orðanna „Lánasýslu ríkisins“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. og í 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

6. gr.

Í stað orðanna „Lánasýsla ríkisins“ í 1. mgr. 7. gr. laganna og orðanna „Lánasýslu ríkisins“ í 2. mgr. sömu greinar kemur: fjármálaráðherra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Orðið „erlendra“ fellur brott.
- b. Í stað orðanna „Lánasýslu ríkisins eru falin“ kemur: fjármálaráðherra fer með samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Orðin „og starfsemi Lánasýslu ríkisins“ í 11. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Fjármálaráðherra tekur við almennum réttindum og skyldum Lánasýslu ríkisins og við samningum við þriðja aðila eftir því sem við getur átt samkvæmt ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um lánasýslu ríkisins.**

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008. Við gildistöku laga þessara verður Lánasýsla ríkisins lögð niður.